




Reykjavík, 2. febrúar 2023

## Engihlíð 9 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa (SN220765)

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. janúar 2023 var lögð fram fyrirspurn Guðmundar Gauta Sveinssonar, dags. 21. nóvember 2022, ásamt bréfi hönnuðar dags. 10. nóvember 2022, um hækkun á þaki hússins á lóð nr. 9 við Engihlíð og setja kvisti og svalir, samkvæmt uppdr. Glámu-Kím, dags. 18. nóvember 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag- ekki í gildi.



Annað

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulagi er Engihlíð 9 á svæði afmarkað fyrir íbúabyggð.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Engihlíð 9. Vinna er í gangi við hverfisskipulag fyrir Hlíðar sem gert er ráð fyrir að verði auglýst vorið 2023.

### Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess hvort heimilt sé að hækka þak skv. teikningum Jóhannesar Þórðarsonar arkitekt Gláma/Kím. Fram kemur í gögnum að hækkun þakhæðar hefur verið heimiluð á nærliggjandi húsum.

Skv. drögum að skilmálum hverfisskipulags fyrir skilmálaeiningu 3.2.1, sem Engihlíð 9 tilheyrir, er gerð tillaga um hverfisvernd á skilmálaeininguna. Í drögum að skilmálum segir þó að heimilt verði að hækka þök og byggja kvisti og þaksvalir en hönnun og útfærsla skuli vera í takt við skilmála og leiðbeiningar hverfisskipulags um [Þakbreytingar](#). Niðurstöður um útfærslu skilmála, þ.m.t um hverfisvernd og heimildir til þakbreytinga liggur ekki enn fyrir.

### Niðurstaða

- Ekki er heimild fyrir þakbreytingunni í skipulagi. Lóðarhafa er bent á að kynna sér tillögur að hverfisskipulagi í Hlíðum þegar skipulagið verður auglýst.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ævar Harðarson, arkitekt/deildarstjóri hverfisskipulags